

## **Tillaga bæjarfulltrúa D-lista um óháða úttekt á embættisfærslum vegna breytinga á Ráðhúsi Árborgar sem hófust 2019 og standa enn yfir.**

Bæjarfulltrúar D-lista leggja til að ráðist verði í óháða úttekt utanaðkomandi aðila á embættisfærslum og ferli máls sem varðar hönnum og breytingar á 1. til 3. hæð Ráðhúss Árborgar sem hófust í byrjun árs 2019 og standa enn yfir. Úttektin taki til þeirra liða sem tilgreindir eru undir liðum A-D hér á eftir og verði vinnu hennar lokið fyrir 15. apríl n.k. Bæjarlögmann verði falið að leita tilboða í úttektina.

### **A: Sveitarstjórnarlög og samþykktir:**

- Kannað verði hvort brotið hafi verið gegn ákvæðum sveitarstjórnarlaga, þar á meðal ákvæðum um fjárstjórnarvald, valdmörk bæjarráðs og bæjarstjóra og ákvæðum um bindandi áhrif ákvörðunar um fjárhagsáætlun.
- Kannað verði hvort farið hafi verið eftir samþykkt um stjórn Sveitarfélagsins Árborgar. Meðal annars verði farið yfir það í hvaða tilvikum aðrir en bæjarráð eða bæjarstjórn hafa heimild til að taka fullnaðarákvörðun varðandi fjármál sveitarfélagsins og hvort farið hafi verið eftir þeim reglum.

M.a. verði upplýst:

- ✓ Hver tók ákvörðun um að hefja undirbúnings- og hönnunarvinnu vegna breytinga á Ráðhúsi Árborgar?
- ✓ Hver tók ákvörðun um að hefja verklegar framkvæmdir og var hönnunarvinnu lokið þegar sú ákvörðun var tekin?
- ✓ Var ákvörðun um verkefnið lögð fyrir nefnd, bæjarráð eða bæjarstjórn?
- ✓ Fól afgreiðsla bæjarstjórnar á aðgerðaráætlun vegna tillagna H.L.H. í sér heimild til að hefja hönnun og framkvæmdir vegna breytinga á Ráðhúsi Árborgar?
- ✓ Fól afgreiðsla bæjarstjórnar á aðgerðaráætlun vegna tillagna H.L.H. í sér fjárheimildir til að hefja hönnun og framkvæmdir vegna breytinga á Ráðhúsi Árborgar?

### **B: Lög um opinber innkaup og innkaupareglur:**

- Kannað verði hvort farið hafi verið að ákvæðum laga um opinber innkaup og innkaupareglum sveitarfélagsins. Farið verði yfir hvort ákvæði um útboðsskyldu hafi verið virt. Einnig verði kannað hvort unnið hafi verið í samræmi við hæfisreglur við innkaup.

M.a. verði upplýst:

- ✓ Hvernig var staðið að vali á hönnuðum, Plan 21 arkitektum?
- ✓ Hver leitaði til hönnuða, Plans 21 um aðkomu að verkinu og hvenær?
- ✓ Hver var kostnaðaráætlun Plans 21 í hönnunarhluta verksins? Hefur sú áætlun staðist?
- ✓ Var leitað hugmynda að hönnun eða verðtilboða frá öðrum aðilum?
- ✓ Hefur Plan 21 starfað fyrir Sveitarfélagið Árborg að fleiri verkefnum, og ef svo er, hvenær og við hvaða verkefni?
- ✓ Hvaða upplýsingar lágu fyrir um reynslu og fyrri störf hönnuða, Plan 21?
- ✓ Eru tengsl á milli eigenda/forsvarsmanna Plan 21 og bæjarstjóra Árborgar eða annarra sem komu að vali á hönnuðum?
- ✓ Samningur við Plan 21 sem vitnað er til í svari dags. 6. febrúar 2020 verði lagður fram. Sé ekki fyrirbyggjandi skriflegur samningur verði upplýst hvenær munnlegur

samningur komst á, hver samdi fyrir hönd sveitarfélagsins og hvert er efni samningsins.

- ✓ Lögð verði fram kostnaðaráætlun vegna verklegra framkvæmda sem vitnað er til í svari dags. 6. febrúar 2020 og upplýsingar um forsendur áætlunarinnar.
- ✓ Þarfagreining sem vitnað er til í svari dags. 6. febrúar 2020 verði lögð fram. Upplýst verði hver stýrði vinnu við þarfagreiningu og hvaða starfsmenn voru hafðir með í ráðum.
- ✓ Er rétt ártal á reikningi vegna hönnunar sem skv. yfirliti með svari dags. 6. febrúar 2020 er sagður vera frá 2018?
- ✓ Farið verði yfir bókhald sveitarfélagsins og kannað hvort allra reikninga sem tilheyra verkefninu sé getið á yfirliti sem fylgdi svari dags. 6. febrúar 2020.
- ✓ Birt verði yfirlit sem sýnir á hvaða bókhaldslykla kostnaður hefur verið færður.
- ✓ Farið verði yfir hvernig samþykktum (uppáskrift) reikninga vegna verksins var háttað.
- ✓ Bætt verði við yfirlitið reikningum sem fallið hafa til á árinu 2020.
- ✓ Hvernig var staðið að kaupum á húsgögnum/innréttingum? Var leitað tilboða í kaup á húsgögnum/innréttingum?
- ✓ Hvernig var geymslu keyþra húsgagna háttað á framkvæmdatíma?
- ✓ Skemmdust keypt húsgögn á framkvæmdatíma?
- ✓ Var leitað tilboða í aðra verkþætti og/eða efniskaup?
- ✓ Kostnaðaráætlun vegna þeirra verkhluta sem eftir eru verði yfirfarin með tilliti til þess að veruleg frávík virðast hafa komið fram vegna framkvæmda á árinu 2019.

#### **C: Skyldur bæjarráðs skv. sveitarstjórnarlögum og samþykktum**

- Kannað verði hvort bæjarráð hafi uppfyllt lögbundnar skyldur sínar varðandi fjármálastjórn og eftirlit. Könnunin snúi einnig að því hvort upplýsingum hafi verið haldið frá bæjarfulltrúum D-lista með ófullnægjandi upplýsingagjöf, t.d. í svörum við framlögðum fyrirspurnum.

#### **D: Annað**

Úttektin taki einnig til nánar tilgreindra atriða, að því leyti sem svör við þessum atriðum hafa ekki komið fram með svörum við liðum A til C:

- Tímalína verkefnisins verði skráð.
- Leyfismál:
  - ✓ Var framkvæmdin byggingarleyfis skyld?
  - ✓ Í svari dags. 6. febrúar 2020 kemur fram að sótt var um byggingarleyfi 30. september 2019. Hvers vegna var það ekki gert við upphaf verks?
  - ✓ Fylgdu tilskilin hönnunargögn byggingarleyfisumsókn?
  - ✓ Hafa kröfur til eldvarna og brunahönnunar verið uppfylltar?
  - ✓ Uppfyllti húsnæðið slíkar kröfur áður en breytingarnar áttu sér stað?
  - ✓ Fór fram úttekt á jarðhæð (Bókasafn) áður en það opnaði eftir breytingarnar?
- Eru starfsaðstæður á meðan á breytingunum stendur viðunandi, t.d. aðstaða sem starfsmenn fjármálasviðs hafa í Setri Egils?